

## Fundargerð

Fundur var haldinn í stjórn Íslenskrar málnefndar í fundarherbergi á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Laugavegi 13, 4. hæð, þriðjudaginn 12. september 2017 og hófst kl. 14.30. Fundinn sátu: Guðrún Kvaran formaður, Ármann Jakobsson varaformaður, Hilmar Hilmarsson, Þröstur Helgason og Jóhann R. Kristjánsson. Steinunn Stefánsdóttir boðaði forföll. Ágústa Þorbergsdóttir frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum ritaði fundargerð.

### 1. Fundur með ráðherra

Sjá fg. stj. ÍM 6/2017, 3. lið. Formaður hefur óskað eftir viðtali við ráðherra en ekki er ljóst hvenær fundurinn verður. Gert er ráð fyrir að öll stjórn málnefndar fari á fundinn. Eftirfarandi atriði verða rædd:

- Áhersluatriði úr stefnuskra Íslenskrar málnefndar.
- Starfsemi Íslenskrar málnefndar og versnandi staða íslensku á ýmsum stöðum í þjóðfélaginu.
- Lög um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls nr. 6/2011. Í 5. gr. laganna er sérstaklega tekið fram að mennta- og menningarmálaráðuneytið skuli fylgjast með því hvernig lögnum er framfylgt.
- Íslensk málstefna (samþykkt af Alþingi 2009). Markmiðið með málstefnunni er að tryggja að íslenska verði notuð á öllum sviðum íslensks samfélags.
- Mótvægisáðgerðir við fjölmenningsamfélaginu.
- Tungan og netið.
- Ritun í skólakerfinu.
- Stuðningur við íðorðabankann.

Minnisblað með efnisatriðum verður skilið eftir hjá ráðherra og fær ráðherra einnig fundargerð eftir fundinn.

### 2. Áhersluatriði næsta starfsárs

Sjá fg. stj. ÍM 6/2017, 2. lið. Þriðja starfsár Íslenskra málnefndar hófst 1. september og áhersluatriði þess verður *Áhrif fjölmenningsamfélagsins á málið og viðbrögð við auknum ferðamannastraumi* (<http://islenskan.is/stefnuskra/stefnuskra-islenskrar-malnefndar-2015-2019>).

Ákveðið var að stefna að því að hafa fund seinni hluta janúar með fulltrúum atvinnulífsins og öðrum þeim sem málnefndin hefur sent bréf. Efni fundarins tengist áhersluatriðum þessa starfsárs og því að fylgja eftir lögum um íslenska tungu. Formaður hefur kannað að hægt er að fá stofu fyrir fundinn í Veröld. Einnig kom fram sú hugmynd að fylgja efninu eftir með málþingi í samvinnu við þá aðila sem boðaðir verða á fundinn.

### 3. Hvernig á Íslensk málnefnd að bregðast við samfélagsumræðum?

Rætt var um starfshætti málnefndarinnar og hvernig hún ætti að bregðast við samfélagsumræðum. Fram kom að málnefndin myndi ekki bregðast við öllu því sem um væri rætt á samfélagsmiðlum en vekja þess í stað athygli á tilhneigingum og því sem er sameiginlegt fleiri málum. Formaður sagði að málnefndin þyrfti að vera sammála um það sem hún sendir frá sér. Málnefndin hefur skrifað beint til viðkomandi aðila þegar hún hefur sent ábendingar, s.s. til Vegagerðarinnar og til Isavia. Málnefndin sendi Kjörfuknattleikssambandi Íslands (KKÍ) bréf 4. september þar sem nefndin hrósar stjórn KKÍ og leikmönnum landsliðsins fyrir að treyjur þeirra skyldu merktar eiginöfnum.

Varaformaður tók mynd af bréfinu til KKÍ og setti á Twitter. Samdægurs kom frétt á vísir.is um þetta (<http://www.visir.is/g/2017170909523/islensk-malnefnd-anaegd-med-korfuboltastrakana>).

#### 4. Viðurkenningar á málrættarþingi í nóvember

Rætt var um hugsanlegar viðurkenningar í tengslum við málrættarþing. Hilmar Hilmarsson athugar það frekar.

#### 5. Fundur í Íslenskri málnefnd

Ákveðið var að halda fund í Íslenskri málnefnd 17. október og boða fundinn með tveggja vikna fyrirvara. Efni fundarins:

- Áhersluefni næsta árs
- Ályktun næsta árs
- Ábendingar málnefndarinnar
- Önnur mál

Þórhildur S. Sigurðardóttir tók að sér að kanna stöðu skólabókasafna fyrir málnefndina og mun hún greina frá því á fundinum.

#### 6. Önnur mál

##### a) Fulltrúi Samtaka móðurmálskennara í Íslenskri málnefnd

Bjarki Karlsson hefur dregið sig út úr félagsstarfi hjá Samtökum móðurmálskennara en situr áfram í Íslenskri málnefnd þar sem hann er skipaður af ráðherra.

##### b) Endurskoðun á reglum um greinarmerkjasetningu

Íslensk málnefnd hefur endurskoðað íslenskar ritreglur og rætt var um hvort einnig ætti að endurskoða reglur um greinarmerkjasetningu. Haraldur Bernharðsson hefur tekið saman drög að breytingum á greinarmerkjasetningu og samþykkt var að leita til Jóhannesar Bjarna Sigtryggssonar með þetta verkefni.

##### c) Bréf til Neytendastofu

Íslensk málnefnd ritaði bréf til Neytendastofu 28. ágúst þar sem bent var á að samkvæmt lögum um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu nr. 57/2005 skuli auglýsingar, sem höfða eiga til íslenskra neytenda, vera á íslensku.

##### d) Stuðningur við Íðorðabankann

Ákveðið var að á væntanlegum fundi með ráðherra yrði óskað eftir fjárhagsstuðningi við Íðorðabanka Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum svo að þessu hjálpartæki verði komið í notendavænt horf. Tekin hefur verið saman lýsing á nýju notendaviðmóti og áætlun um kostnað við að hanna nýtt uppfléttiviðmót og einnig kostnaðaráætlun við að endurvinnna ritstjórnarhluta íðorðabankans.

##### e) Málstefna Reykjavíkurborgar

Formaður og Hilmar Hilmarsson sátu í starfshópi sem hefur það hlutverk að marka heildstæða málstefnu fyrir Reykjavík skv. 130. gr. sveitarstjórnarlaga. Tillögurnar fara væntanlega fyrir borgarráð fyrir mánaðamót.

Fundi lauk kl. 15:45

Guðrún Kvaran  
sign.

Ágústa Þorbergsdóttir  
sign.